

# Lög

um

veitingu prestakalla.

Nr. 32.

3. nóv.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Þegar prestakall losnar, auglýsir biskup það með hæfilegum umsóknarfresti, og sendir jafnframt hlutaðeigandi prófasti auglýsinguna í jafnmörgum samritum og sóknir eru í prestakallinu. En prófastur sendir sóknarnefndum samritin til birtingar og leggur jafnframt fyrir þær, að semja kjörskrá yfir þá sóknarbúa, sem atkvæðisrjett hafa á safnaðarfundum.

## 2. gr.

Kjörskrá skal vera þannig löguð, að á henni sjeu fimm dálkar fyrir töluröð kjósenda, nöfn, aldur, stöðu og heimili. Nöfnum kjósenda skal raðað eftir stafrófsröð. Sóknarnefnd skal hafa lokið samningu kjörskrár innan viku frá því, er formaður nefndarinnar fjekk brjef prófasts. Þegar skráin er samin, leggur sóknarnefnd hana fram á kirkjustaðnum kjósendum til sýnis, og auglýsir framlagninguna jafnframt á þann hátt, sem vant er að birta auglýsingar þar í sókn, enda sje skráin kjósendum til sýnis í fulla viku.

Tilkynnir sóknarnefnd jafnframt prófasti, hve nær kjörskrá er lögd fram.

## 3. gr.

Nú telur einhver sjer ranglega slept af kjörskrá eða einhvern ranglega tekinn á hana, og skal hann þá kæra brjeflega fyrir sóknarnefnd áður vika sje liðin frá síðasta sýningardegi skrárinnar. Sóknarnefnd boðar kæranda og kærða, hafi yfir einhverjum verið kært, þegar að liðnum kærufresti, á fund með sjer, og leggur fullnaðarúrskurð á kærana á fundinum.

## 4. gr.

Þegar sóknarnefnd hefir gengið til fullnaðar frá kjörskrá, sendir hún prófasti skýrslu um tölu atkvæðisbærra manna í sókninni ásamt vottorði um það, að skráin hafi legið frammi lögmæltan tíma, en prófastur skýrir biskupi þegar í stað frá tölu kjósenda í hverri sókn í prestakallinu og biskup aftur landsstjórn.

Nr. 32.

3. nív.

5. gr.

Þá er umsóknarfrestur er á enda, sendir biskup landsstjórninni skýrslu um það, hverir sótt hafi, og um það, hvort þeir fullnægi lögmæltum kröfum til prestskapar í þjóðkirkju landsins og hve marga kjörseðla þurfi.

Kjörseðlarnir skulu allir vera með sömu gerð og jafnstórir og á þá prentuð í stafrófsröð nöfn umsækjenda. Seðlatalan skal jafnan vera 10% hærri en tala kjósenda.

Stjórnin annast þá um, að tilbúnir sjeu og sendir biskupi nægilega margir kjörseðlar. Svo leggur landsstjórnin til, handa hverri sókn, tvenn ljereftsfóðruð umslög til afnota við kosninguna, og sje prentað utan á annað: »greidd atkvæði« og á hitt: »ónotaðir og ónýttir seðlar«.

Biskup sendir síðan prófasti með póstabýrgð kjörseðla, umslög, umsóknir með fylgiskjölum og eigin ummæli í innsigliðum sendingum, sjer til hverrar sóknarnefndar, og staðfestir hann áður afrit umsóknargagna. Prófastur sendir síðan sóknarnefndum, en þær leggja umsóknirnar ásamt fylgiskjölum fram á kirkjustaðnum til sýnis, enda skulu skjöl þessi liggja til sýnis að minsta kosti vikutíma. Jafnframt ákveður prófastur kjörfundardag fyrir prestakallið með hæfilegum fresti, og setur sömu dagstund í öllum sóknunum.

Skal að jafnaði kosið í kirkjunni og á sunnudegi.

6. gr.

Sóknarnefnd stýrir kosningu í sókn hverri. Nú eru sóknarnefndarmenn þrír, og skulu þeir þá skipa kjörstjórn. Ef sóknarnefndarmenn eru 5, ganga 2 þeirra frá eftir hlutkesti, aðrir en oddviti, er jafnan skal vera formaður kjörstjórnar.

7. gr.

Nú er kominn kjörfundardagur, og skal þá kjörstjórn koma á fundarstað á tilsettum tíma. Skal oddviti sóknarnefndar setja fund og stýra honum. Hamli veður, umgangsveiki eða önnur slík atvik ferðum manna, skal kjörstjórn boða til kjörfundar af nýju. Þó er fundur lögmætur, ef meiri hluti atkvæðisbærra sóknarmanna sækir hann.

8. gr.

Kjörstjórnin skal hafa gjörðabók, er sjerstaklega sje til þess gerð og löggilt af biskupi, kjörskrá og atkvæðakassa með sömu gerð og atkvæðakassar við alþingiskosningar. Fundarhúsi skal vera þannig háttað, að inn af fundarherberginu sje herbergi eða klefi, er ekki sje innangengt í, nema úr fundarherberginu, og að öðru leyti svo umbúið, að ekki sjáist að utan eða annarstaðar frá þangað inn, nje heldur sje hægt að sýna kjörseðilinn þeim, er utan klefans kynni að vera. Sje herbergjum ekki svo háttað á kjörfundarstaðnum, eða kosning fari fram í kirkjunni, skal tjalda af eitt hornið, svo ekki sjáist, hvað gert er fyrir innan tjaldið. Í klefanum, eða fyrir innan tjaldið, skal vera borð og hæfilega margir blýantar samlitir.

9. gr.

Oddviti kjörstjórnar skýrir kjósendum frá því í fundarbyrjun, hverir sjeu í kjöri.

10. gr.

Aður en atkvæðagreiðslan hefst, skal kjörstjórnin opna atkvæðakassann og sýna kjósendum og umsækjendum, eða umboðsmönnum þeirra, að kassinn sje tómur. Að því búnu læsir kjörstjórnin kassanum, og lætur ganga til kosninga.

11. gr.

Þeir sem neyta vilja atkvæðisrjettar síns, verða að sækja kjörfund sjálfir. Kjósendur ganga fram og kjósa í þeirri röð, er þeim list og eftir því, sen þeir komast að. Án

levfis kjörstjórnar mega ekki vera í kosningarstofunni með henni aðrir en umsækjendur Nr. 32. og umboðsmenn þeirra, svo og kjósendur, er koma og fara. Kjörstjórnin getur kvatt 3 nív. menn sjer til aðstoðar, til að halda uppi reglu meðan á kosningunni stendur. Þá er kjörstjórnin hefir kannast við kjósenda, afhendir hún honum kjörseðil og vísar honum til atkvæðaklefans, og má þar enginn annar inni vera; kjósandi merkir þar kross framan við nafn þess umsækjanda, er hann kys, brýtur síðan seðilinn saman, þannig að letrið snúi inn, gengur með seðilinn að atkvæðakassanum í fundarherberginu og stingur honum niður um lokrifuna á kassanum. Jafnframt merkir maður úr kjörstjórninni við nafn kjósenda á kjörskránni.

Ónýttist seðill hjá kjósenda eða gallist, getur hann fengið nýjan seðil hjá kjörstjórn gegn því að skila hinum, er ónýttist eða skemdist. Sje kjósandi ekki fær um að kjósa vegna orsaka, er kjörstjórn metur gildar, skæi sá úr kjörstjórninni, er kjósandi til nefnir, hjálpa honum til þess. Þess skal stuttlega getið í gjörðabókinni. Gengur svo koll af kolli þangað til enginn gefur sig fram; þá kjósa þeir, er í kjörstjórn sitja og umboðsmenn umsækjendanna, eigi þeir atkvæðisrjett, á sama hátt og aðrir kjósendur, og er kosningunni þar með lokið.

Þó má kosningarathöfnin eigi standa skemur en 2 stundir, nema allir kjósendur, er á kjörskrá standa, hafi nýtt kosningarrjettar áður en sá tími er liðinn.

#### 12. gr.

Í Reykjavík og öðrum sóknum landsins, þar sem eru 1000 kjósendur eða fleiri, má kjósa á fleirum en einum stað í einu eftir nánari ákvörðun sóknarnefndar. Þó skal setja kjörfund og slíta honum á sama stað. Þrír menn, tilnefndir af sóknarnefnd, taka við atkvæðum í kjörherbergi hverju og skal á aukakjörstöðum nota staðfest eftirrit af kjörskrá, enda hefir hver kjördeild sína fundarbók. Sóknarnefnd ákveður hverir skuli kjósa í hverjum stað. Að öðru feyti fer atkvæðagreiðsla á aukakjörstöðunum fram sem annarstaðar. Þegar atkvæðagreiðslu er lokið, skal afhenda sóknarnefnd atkvæðakassa og kjörgögn. Síðan sendir sóknarnefnd þau til yfirkjörstjórnar á venjulegan hátt.

#### 13. gr.

Þegar kosningarathöfn er lokið, hvolfir kjörstjórn seðlunum úr atkvæðakassanum í umslög, sem til þess eru ætluð, og setur innsigli sín fyrir. Svo mega og umboðsmenn umsækjenda setja innsigli sín fyrir umslögin, ef þeir vilja. Enn fremur tekur kjörstjórn ónýtta og ónotaða seðla, og lætur þá í umslag og innsigilr sem fyr segir.

#### 14. gr.

Kærufrestur yfir kosningu er 3 dagar. Að þeim liðnum sendir sóknarnefnd með póstabýrgð formanni yfirkjörstjórnar afrit gjörðabókar, umsóknargögn öll, seðlaumslögin og ummæli sín um kærur, ef fram hafa komið, yfir kosningunni.

#### 15. gr.

Yfirkjörstjórn skipa biskup landsins og 2 menn aðrir, er Stjórnarráðið skipa til 5 ára í senn. Ræður afl atkvæða, ef ágreiningur verður með yfirkjörstjórn. Jafnskjótt sem sendingarnar eru komnar úr öllum sóknum prestakallsins, tekur yfirkjörstjórn til stund og stað til að telja saman atkvæðin; kveður hún til umsækjendur eða umboðsmenn þeirra, ef nokkrir eru. Heldur yfirkjörstjórn gjörðabók og sendir landsstjórninni afrit hennar ásamt kosningargögnum.

#### 16. gr.

Reynist miklir gallar á undirbúningi eða framkvæmd kosningar, enda hafi yfir því verið kært, getur landsstjórnin, að fengnum tillögum yfirkjörstjórnar, ónýtt kosninguna og fyrirskipað nýja.

Nr. 32.

3. nóv.

17. gr.

Hafi helmingur kjósenda í prestakallinu greitt atkvæði á kjörfundum, og fái einhver umsækjenda meiri hluta greiddra atkvæða, er hann kjörinn prestur, og fær veitingarbrjef ráðherra fyrir prestakallinu. Annars er stjórnin ekki bundin við atkvæðagreiðsluna, og leitar hún þá tillögu biskups um það, hverjum umsækjanda kallið skuli veitt.

18. gr.

Nú er að eins einn umsækjandi, og fer með sama hætti fram leynileg atkvæðagreiðsla um hann á kjörfundum. Kjósundur, sem honum vilja hafna, skila seðlinum ómerktum. Greiði helmingur kjósenda atkvæði, og fullur helmingur greiddra atkvæða taki umsækjanda eða hafni honum, ræður það úrslitum.

19. gr.

Enginn, er kosið hefir skriflega, er skyldur til að skýra frá því fyrir rjetti, hvernig hann hafi neytt atkvæðisrjetta síns, hvers kyns sem mál það er, sem hann er krafinn til vitnisburðar í.

20. gr.

Hvorki kjörstjórnarformaður nje nokkur annar, sem í kosningastofunni er staddur, má beinlínis eða óbeinlínis hvetja nokkurn kjósenda meðan á kosningu stendur, til þess að kjósa einn umsækjanda öðrum fremur, nje heldur má kjörstjórnarmaður skýra frá því, er hann kann að hafa orðið áskynja um, að því er atkvæðagreiðslu kjósenda snertir.

Brot gegn ákvæðum þessum varða einföldu fangelsi, ekki skemur en viku, eða sektum ef málsbætur eru þó eigi undir 20 kr. — Önnur brot gegn lögum þessum varða alt að 200 kr. sektum til prestlaunasjóðs.

21. gr.

Landsjóður stendur straum af útbúningi kjörseðla og útvegum atkvæðakassa til hvers prófastsdæmis. Að öðru leyti fer um kostnað af prestkosningum samkvæmt 6. gr. laga nr. 40, frá 30. júlí 1909.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1916 og eru lög nr. 28, frá 16. nóv. 1907 jafnframt úr gildi gengin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S)

*Einar Arnórsson.*